
Skólaráðsfundur í Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri

17. febrúar 2021 kl. 14:30

Boðaðir voru:

Páll Sveinsson – skólastjóri

Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir – aðstoðarskólastjóri

Sigurhanna Björg Hjartardóttir – kennari - forfallaðist

Drífa Pálin Geirsdóttir – fulltrúi foreldra

Ósk Pálsdóttir – fulltrúi starfsmanna

Sigmar Ólafsson – fulltrúi grenndarsamfélags

Guðný Ósk Vilmundardóttir – kennari

Klaudia Joanna Figlarska – fulltrúi nemenda

Hreimur Karlsson – fulltrúi nemenda

Páll setur fund og fundarmenn kynna sig. Páll hefur fund á að segja frá tilgangi og hlutverki skólaráðs.

1. Skólastarfið 2020-2021.

- a. **Skólastarf í skugga heimsfaraldurs.** Páll segir frá hvernig starfið hefur þróast með tilskipunum um takmarkanir. Hvernig hefur til tekist? Hvernig þarf að bregðast við að takmörkunum loknum? Höfum náð að halda skólanum opnum fyrir utan hálfan föstudag þegar grunur lék á smiti hjá starfsmanni sem svo reyndist ekki vera smitaður. Erasmus+ verkefni hefur verið sett hömlur vegna mikilla takmarkanna í samstarfslöndunum. Nemendur spurðir út í sína upplifun. Nemendum fannst ganga vel en stundum erfitt að fá nemendur til að virða 2ja metra regluna. Þegar á tímabili skólanum lauk á hádegi þá lærðu nemendur heima og náðu að læra heima og eiga samskipti við kennarana sína. Námsefnið fór á Mentor og fyrirspurnum var svarað á Classroom og í tölvupóstum. Kennari upplifir Covid tímabilið að mestu vel, ekki list- og verkgreinar og nemendur stundum þreyttir á bóknámi. Flóknast var að helmingur nemenda var heima og hinn helmingurinn í skólanum og því var tvöföld kennsla. Seinni bylgjan í nóvember var flóknari og þá sérstaklega þegar yngri börn þurftu að vera með grímur og aðskilin. Við óttuðumst um brottfall nemenda og starfsfólks en það var í lágmarki og minna um veikindi meðal starfsfólks. Fulltrúi foreldra nefnir hvað það var gott að geta haft barnið sitt í skólanum og þurfa ekki taka í heimakennslu. Þurfa ekki að vera til viðbragðsáætlanir inni í skólanum vegna heimsfaraldurs. Hefði verið hægt að bregðast betur við ef skólinn

hefði verið iðvæddur? Viðbragðsáætlanir verða allar skoðaðar í kjölfarið. BES sendi inn starfsáætlanir til Covid teymis Árborgar og fékk alltaf samþykktar. Stundatöflur hafa tekið stöðugum breytingum til að bregðast við ástandinu.

- b. **Starfsmannahald/starfsmannakönnun haust 2020.** Páll segir frá hvaða starfsmenn voru í orlofi og hverjir hófu störf við skólann í haust/vetur. Charlotta og Ásdís yngra stígs kennarar fóru í fæðingarorlof. Leiðbeinendur ráðnir inn á yngra stíg. Hildur Bjargmundsdóttir var ráðinn sem leiðsagnarkennari sem hefur það hlutverk að aðstoða nýja kennara í starfi. Nýir kennarar hafa leitað mikið til hennar og það hefur reynst mjög vel. Stjórnendur eiga að vera faglegir leiðtogar en eru oft á hlaupum og því hefur staða leiðsagnarkennara reynst afskaplega vel. Foreldri upplifir meiri samheldni innan starfshópsins. Ápreiðanlegur munur á starfsandanum hvað foreldra varðar. Páll segir frá samskiptasáttmálanum sem verið er að innleiða í skólanum. Samskiptateymið var fengið til að rýna sáttmálann með stjórnendum. Páll sagði einnig frá helstu niðurstöðum könnunarinnar frá því í nóvember (Maskína). BES kemur heilt yfir vel út úr könnuninni. Skólapúlsinn leggur fyrir starfsmannakönnun í mars sem er hluti af innra mati skólans.
2. **Stefnumótunarvinna/skólasýn.** Páll og Guðrún segja frá stefnumótunarvinnu stjórnenda. Skólinn fékk ábendingu í ytra mati 2018 að skólinn hefði ekki nægilega sterka skólasýn. Páll fer yfir hvað skólasýn er og hvaða vinnu stjórnendur hafa verið í síðustu mánuði hvað þetta varðar. Farið yfir glærukynningu um skólasýn BES. Framundan er vinna í kennarahópnum, starfsmannahópnum, meðal nemenda og nærsamfélagi. Umræður um framkvæmd þessarar vinnu. Að vori yrði skólamálalöng þar sem allir hópar samfélagsins koma saman og vinna að stefnu og sýn skólans. Hugmynd að dagssetningu skólamálalöngs 27. apríl.
3. **Skólanámskrá/námsmat.** Páll með inngang um breytingar á námsmati vegna Aðalnámskrár. Ræðir símat fram yfir lokapróf sem tíðkuðust áður og gera enn á vissum stöðum. Fulltrúi foreldra spyr út í samræmd könnunarpróf og hvort þau skjóti ekki skökku við í umræðunni um einstaklingsmiðaðar námskrár. Umræða um að samræmd könnunarpróf séu notuð af framhaldsskólum við inntöku nemenda. Samræmd könnunarpróf geta hins vegar verið góð vísbending um stöðu nemenda og hvar nemendur þurfa að bæta sig þegar þeir koma í 10. bekk. Foreldrar þurfa að fá skilaboð frá skólunum að samræmd könnunarpróf hafa annað vægi en þau gerðu áður. Efla þarf umræðuna út í foreldrahópinn.
4. **Aðbúnaður og aðstæður.** Sagt frá helstu breytingum:
- Kennslurými stoðþjónustu á Stokkseyri fyrir nemendur sem þurfa á sérstakri aðstoð að halda. Mjög góð aðstaða.
 - Tilfærsla á skrifstofum og nemendarýmum á Stokkseyri
 - Kaffistofa starfsmanna á Eyrarbakka
 - Skólalóðin á Eyrarbakka fékk yfirhalningu fyrir nokkrum árum. Körfuboltavöll t.d.
 - Skólalóðin á Stokkseyri: Öryggismál voru skoðuð á haustmánuðum 2020 og verið er að vinna að atriðum sem ekki hafa fengið afgreiðslu nú þegar. Verið er að teikna allt upp og stefnt að því að framkvæmdum verði lokið í haust. Þetta hefur t.d. með gangbrautir og bílaumferð við skólann að gera. Bílar eiga ekki að vera á skólalóð en skólabíll þarf að keyra upp að skólalóð. Páll vonast til að geta kynnt þessi mál betur á næsta fundi skólaráðs.
 - Útiklefi í sundlaug í undirbúningi. Gámur sem hugsaður er bæði fyrir nemendur með þroska frávik og þurfa aðstoð starfsmanna og svo þá sem óska eftir séraðstöðu vegna kynhneigðar. Nútímasamfélag gerir þessa kröfu.
 - Öryggisveggur í smíðastofu - nýr smíðakennari benti á að ekki væri öryggisveggur á milli véla og aðstöðu nemenda. Lestrargangur á Eyrarbakka: Verið að undirbúa aðstöðu fyrir

nemendur til að sitja í sófum og stólum og hafa það huggulegt við lestur. Aukið fjármagn fékkst til að kaupa bækur.

- Öryggismál: Verið er að taka út öryggisatriði á vinnustaðnum/skólanum ásamt vinnueftirlitinu.

5. Ytra og innra mat

- Lokahnykkur umbótaáætlunar vegna ytra mats: Búið er að innleiða ákveðna þætti og aðrir í vinnslu.
- Kennslukönnunum hefur verið bætt inn í innra mat á unglingsstigi. Sagt frá framkvæmd.
- Hugmynd að kennarar meti kennslu hjá hver öðrum. Fyrirfram liggja hvað sé til mats.
- Viljum koma upp rúllu hvað varðar innra mat sem gengur bara.
- Ytra mat er framkvæmt af Menntamálastofnun og framkvæmt á nokkurra ára fresti.
 - Farið yfir helstu niðurstöður ytra mats.

6. Önnur mál

- a. Stórafmæli skólans október 2022: Skólinn 170 ára. Svona stórafmæli þarf að undirbúa. Setja þarf saman undirbúningsnefnd. Óskað verði eftir tilnefningum í undirbúningsnefnd á skólamálaþingi í vor. Skólaráði list vel á að setja góða vinnu í þetta. Nemendafulltrúar sem verða útskrifaðir lýsa yfir áhuga á að taka þátt í vinnunni.
- b. Merkingar/söguskilti við húsnæðið á Eyrarbakka: Hverfisráð óskaði eftir til Árborgar að skiltin yrðu löguð en engin svör hafa fengist. Ætti merkingin að vera á húsinu frekar en frístandandi. Merkið þarf að vera sýnilegt. Stjórnendur skólans, skólaráð og hverfisráð ítreki þessa beiðni. Sigmar kemur með þá hugmynd að gera skólahúsnæðið á Eyrarbakka að skólaminjasafni Íslands og færa skólann á eina starfstöð.
Þessi umræða um skóla á eina starfsstöð kemur upp reglulega. Spurt af hverju 7. bekkur er staðsettur með unglingsstiginu á Eyrarbakka.
- c. Brunaáætlun - æfing: Verið að klára brunaáætlun en síðasta áætlun er síðan 2011. Brunaáætlunin verður kynnt á næstunni og brunaæfing í kjölfarið.
- d. Olweus - Guðný er yfir samskiptateymi - eineltiskönnun lögð fyrir fljótlega. Viljum útrýma einelti þar sem það á hvergi að þrífast.
- e. Samskiptasáttmáli starfsmanna. Sagt frá nýjum samskiptasáttmála starfsmanna sem stjórnendur eru eða innleiða.
- f. Öryggismat hjá Vinnueftirliti Ríkisins. Barnaskólinn er að vinna úttekt með Vinnueftirlitinu.
- g. Ráð og teymi – aukin áhersla á læsi/námsmat. Viljum hafa fagteymi til að efla þessa málaflokka svo sem stærðfræðiteymi, læsisteymi og námsmatsteymi. Þessi vinna hefur legið aðeins niðri vegna Covid. Tölvu- og upplýsingatæknimál í BES
- h. Tölvu- og upplýsingatæknimál í BES: Verið var að bæta við netpunktum til að bæta þráðlausa netið. Verið að skoða iPad væðingu og iPad kennslu á unglingsstigi til að byrja með. Fulltrúi foreldra spyr um fyrirkomulagið og hvort foreldrum bjóðist að kaupa iPad í gegnum sveitarfélagið. Páll bendir á Vallaskólaleiðina og að skólinn ætli að eiga eitt bekkjarsett en foreldrum bjóðist að kaupa tæki. Þegar ákvörðunin liggur fyrir þá verður hún kynnt mjög vel.
- i. Vinnustund: Búið að vera að innleiða. Mætingakerfi, utanumhald um veikindi og orlofsrétt og fleira.
- j. Stytting vinnuvikunnar: Verið að innleiða, er í þriggja mánaða tilraunafasa og í stöðugri endurskoðun. Svólítið bras að innleiða þetta. Þetta er ákveðið gallað kerfi, má ekki kosta neitt en fólk á að fá styttingu vinnuvikunnar. Starfsfólk BES lausnamiðað og þess vegna gengur þetta ágætlega.

- k. Árshátíðir 25/26 mars. Rætt og kynnt.
- l. Starfsmanniðtöl/kennaraviðtöl - Verið að reyna að leggja spilin á borðið fyrir næsta skólaár. Draumurinn er að hægt verði að raða mestu upp fyrir páskafrí eða strax upp úr páskafrí. Ef það þarf að auglýsa þarf það að fara í ferli og þetta tekur allt ákveðinn tíma.
- m. Fulltrúi foreldra á fundi vil koma á framfæri að foreldraviðtölin á Teams voru frábær að þessu sinni þar sem foreldrum á mismunandi landssvæðum gafst tækifæri á að taka þátt. Kannski verður framtíðin þannig að foreldraviðtöl verði áfram að einhverju leyti á teams (jafnvel hluti þeirra).
- n. Fulltrúi nemenda ræðir kynfræðsluna í skólanum. Einhæf kynfræðsla gagnkynhneigðra. Það vantar kynseiginfræðslu og að nemendur fái fræðslu um að það sé í lagi að segja frá.

Fundi slitið klukkan 16:55

Fundarritari: Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir

Í lögum um grunnskóla frá árinu 2008 segir:

8. gr. Skólaráð.

Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólustjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólanefnd, sbr. 6. gr., getur með samþykki sveitarstjórnar falið skólaráðum einstakra skóla ákveðin verkefni þessu til viðbótar.

Skólaráð hefur verið skipað fyrir starfsárið 2020-2021. Það skipa eftirtaldir:

Páll Sveinsson – skólustjóri

Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir – aðstoðarskólustjóri

Sigurhanna Björg Hjartardóttir – kennari

Drífa Pálin Geirsdóttir – fulltrúi foreldra

Ósk Pálsdóttir – fulltrúi starfsmanna

Sigmar Ólafsson – fulltrúi grenndarsamfélags

Guðný Ósk Vilmundardóttir – kennari

Klaudia Figlarska – fulltrúi nemenda

Hreimur Karlsson – fulltrúi nemenda